

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

25. nóvember 2011

Margrét Einarsdóttir

Með óbilandi áhuga á list og hönnun

- NÝ LÍNA KORMÁKS & SKJALDAR
- Á RÚMSTOKKNUM
- INNLITID
- EFNADIR BLOGGARAR

VERÐ
Kr. **12.950**
FJÖLNOTA-
TÆKI

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850
HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í
BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700
• WWW.ATT.IS

**ÞRÁÐLAUS
PRENTARI OG SKANNI**



Epson SX420W

- Prentari og skanni með LCD skjá
- Þráðlaust netkort
- Prentar í 5760x1440 punkta upplausn
- Skannar í 1200x2400 punkta upplausn
- Kortalesari. USB. Windows og Mac.

EPSON

núna

* Njótíð aðventunnar

meðmælin

Ilmandi opnun

Skartgripa- og gjafaverslun- in Aurum við Bankastræti efnir til fagnaðar í dag þar sem ilm- vötn- in frá L'Artisan verða nú fáanleg í versluninni. L'Artisan-ilmvötnin eru ein þau frægustu í heiminum og er flaggverslun merkisins í grennd við Louvre-safnið í París. Ásamt því að fagna komu L'Artisan verða tvær nýjar skart- gripalínur kynnt- ar fyrir jólin. Það verður því sannköll- uð jólastem- ning í Aurum frá klukkan 16.00 í dag.



Aðventugleði

Verslunin GK Reykjavík fagnar jól- unum og því að ár sé liðið frá því að nýir eigendur tóku við búðinni og bjóða gestum og gangandi til að taka þátt í gleðinni með sér. Gamanið hefst klukkan 18.00 og verður boðið upp á jólalegar veitingar líkt og jólaöl, kakó og piparkökur.



RÓSIR OG KLEMENTÍNUR Tilvalið í jólapakkann eru ilm- vatn og húðmjólk frá L'occitane með dásamlegum rósa- og fjólu- ilmi sem búið er að sykurhúða fyrir hátíðarnar. Eða sturtusápa og handáburður með ferskum sítrónu- og klementínukeimi.



HERRAFATAVERZLUN KORMÁKS & SKJALDAR FRUMSÝNIR NÝJA HERRALÍNU:

SKEMMTIKVÖLD FYRIR KONUR OG KARLA

Ný fatalína Herrafataverzlun- ar Kormáks & Skjaldar verður frumsýnd í Þjóðleikhúskjall- aranum á miðvikudaginn næsta. Línar eru hönnuð af Guðmundi Jörundssyni, yfirhönnuði verslunarinnar.

Línar eru óbeint framhald þeir- ar er frumsýnd var í fyrra en inniheldur þó ný snið og önnur efni. „Efnið eru aðeins dempaðri og sniðin svolítið flippaðri en

ar er enn hernaðarleyndarmál. Ég vil líka taka fram að þetta er ekki sérstakt herrakvöld heldur er konum sérstaklega boðið að mæta,“ segir Guðmundur.

Um tíu fyrirsætur taka þátt í sýningunni og sýna alls fimmtíu heildarklæðnaði og má því gera ráð fyrir að mikill undirbúning- ur liggi að baki kvöldinu. „Við erum á fullu þessa dagana við að mæta fötin á fyrirsæturnar, enda

* „Enginn hefur lent í því að týna skóm eða öðru lauslegu.“

báðar innihalda línurnar buxur, vesti og jakka,“ útskýrir Guðmundur.

Herrafatasýningin er að sögn Guðmundar með öðru sniði en venjuleg tískusýning því um eiginlegt skemmtikvöld er að ræða þar sem skemmtikraft- ar troða upp á milli fatasýning- anna. „Fyrirsæturnar koma inn alls fimm sinnum yfir kvöldið og er tískusýningin brotin upp með ýmsum skemmtiatriðum þess á milli. Í fyrra kom Helgi Björnsson fram bæði sem fyrir- sæta og skemmtikraftur og það sama verður upp á teningnum í ár, nema nafn poppstjörnun-

þarf að klæða marga upp á. Við byrjum á því að sýna fatnað úr Herrafataverzluninni og endum svo sýninguna á nýju línunni. Í fyrra var mikið fjör baksviðs hjá strákunum en sem betur fer höfðum við nóg pláss og enginn lenti í því að týna skóm eða öðru lauslegu.“

Frítt er inn og hefst sýningin klukkan 21.00. sara@frettabladid.is

Fjör í Þjóðleikhúskjallaranum Ný fatalína Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar verður frumsýnd næsta miðvikudag. Guðmundur Jörundsson hannar línuna og lofar góðri stemningu með undir- spili hljómsveitarinnar Hringja. FRETATABLADI/ANTON BRINK



Rakel, Saga og Hildur heiðraðar

Valdar lista- konur Baileys

Aðrið í röð verða listakonur heiðraðar á Listakvöldi Baileys í kvöld. Þær listakonur sem urðu fyrir valinu í ár voru þær Rakel McMahon myndlistarkona, Saga Sigurðardóttir tískuljósmyndari og Hildur Yeoman fatahönnuður og tiskuteiknari.

Listakonurnar fá styrk upp á 100 þúsund krónur sem á að vera hvatning til frekari af- reka en allar þykja þær hafa sett sitt mark á tisku og tíðaranda með heillandi listrænni sýn.

Þessu verður fagnað í kvöld í húsnæði gamla veitingahússins La Primavera frá klukkan 20.30, en þar verða í boði veitingar og hljómsveitin Pascal Pinon spilar fyrir gesti.

Í fyrra hlutu þær Harpa Einarsdóttir, Una Hlín Kristjánsdóttir og Lína Rut viðurkenn- inguna. - áþ

Fær styrk frá Baileys Hildur Yeoman hefur vakið athygli fyrir fallega hönnun en hún er ein þriggja listakvenna sem verður heiðruð í kvöld.



* augnablikið



Á RAUÐA DREGLINUM Breska leikkonan Emma Watson sótti frumsýningu kvikmyndarinnar My Week With Marilyn í London síðasta sunnudag. NORDICPHOTOS/GETTY

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon Forsíðumynd Valgarður Gíslason Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigrurdagny@365.is Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Ljósm. Ari Magn

Farmers Market
iceland

FARMERS MARKET stúdíóverzlun • Eyjarslóð 9 • 101 Reykjavík • s: 552 1960 • www.farmersmarket.is



Tulip-borðið og -stólarnir eru uppáhaldshúsgögnin mín. Tulip-stóllinn var ástæðan fyrir því að ég fór í hönnun í lön-skólanum í Hafnarfirði. Ég ætlaði að verða húsgagnahönnuður áður en ég áttaði mig á því að myndlistin er málið.



Uppáhaldshornið mitt er leshornið, þar liður mér vel. Ég og sonur minn, Dýri Angantýr, sitjum hér oft og lesum og skoðum saman bækur. Svo er líka gott að vinna í tölvunni hér því þá fæ ég ekki illt í axlirnar. Það ríkir stundum smá samkeppni því kisunum Gutta og Robba þykir líka afskaplega gott að vera hér.



Uppáhaldsflikin mín er blái Havái-kjöllinn minn af því að ég gifti mig í honum hinn 8. ágúst árið 2005 á leynistað á Waikiki-ströndinni á Havái.



Uppáhaldsskartið mitt er giftingarhringurinn – augljóslega.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ég er mikill safnari og safna meðal annars fallegum myndum. Hérna er dýra-myndaveggurinn sem er í miklu uppáhaldi núna.



Elsku tölvan mín er uppáhaldshluturinn minn. Ég verð að vera hreinskilin, tölvan er mikilvægasti og þar með uppáhaldshluturinn minn! Ég gæti ekki án hennar verið.

Lukka Sigurðardóttir býr ásamt fjölskyldu og gæludýrum í Bústaðahverfinu:

Huggulegt hverfi með skuggahlið

Lukka Sigurðardóttir er nemandi við myndlistardeild Listaháskóla Íslands. Hún var í hópi myndlistarmanna sem tók þátt í listasýningunni InterMost „Elusive Intimacy“ í Gallery K4 í Prag.

halda. Nágrannarnir eru indælis fólk upp til hópa en stundum eftir myrkur fara dópðilerarnir á kreik á bílplaninu við Bústaðakirkju, það er svona aðal „get together“ planið ef þú vilt skora dóp hér í 108. Þá er best að halda sig inn-andyra og loka kisulúgunni því stundum er stór span-gólandi Rottweiler-hundur með í för! Fyrir utan það og svífrykið, já og haglabyssu-árásina síðasta aðfangadag, er Bústaðahverfið frábært hverfi.

Hvað einkennir heimili þitt? Heimili mitt er frekar svona „lived in“ býst ég við enda erum við sex á heimilinu með kisunum, átta með gullfiskunum en það fer að visu ekki mikið fyrir þeim. Hér eru hlutir sem eru okkur kærir, mikið af minningum og myndum úti um allt.

Hvernig er típískur laugar-dagsmorgunnur hjá þér? Við skiptumst á að sofa út um helgar, ég og maðurinn minn. Sá sem sefur er vakinn í bröns um brönsleytið og svo gerum við skemmtilega fjölskylduhluti það sem eftir er dags. Eða höngum heima eins og við höfum gert mikið af upp á síðkastið þar sem Dýri Angantýr, sonur okkar, er búinn að vera meira og minna lasinn síðan hann byrjaði í leikskóla í ágúst.

Aldur: 31 árs
Í hvaða hverfi býrðu og hver er helsti kostur hverfisins? Ég bý í Bústaðahverfinu, eða Casablanca eins og vinkona mín kallar það. Það á sér fullt af kostum og göllum eins og flest hverfi. Fossvogs- og Elliðaárdalurinn hér í næsta nágrenni og Víkingur er ágætis lið, allavega flottir búningar. Valur er samt alltaf bestur. Hér er rólegt en ekki alveg eins rólegt og flestir



Hornsófar

Ný sending af
sófasettum
Stökum sófum
Svefnsófum og hornsófum

Afar vandaður hornsófi
Verð aðeins kr.
429.000.-

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Italsofa
The Italian touch

www.valhusgogn.is Opið virka daga kl. 10-18 - **Laugardaga kl. 11-16**




AÐVENTAN HEEST

HÖFUM ÞAÐ KÓSÝ MEÐ PIER




Kerti
3 fyrir 2



Haag sófinn
kominn aftur!
Takmarkað magn!

TILBOÐSVERÐ
199.900.-

hægri eða vinstri skemill



Púðar verð frá 1290.-

Stjakar frá 1690.-

3 fyrir 2
Púðar



SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORG 522 7870 • GLERÁRTORG 522 7880

BÚNINGAHÖNNUÐUR SEM RE AÐ HAGA SÉR Á HLIÐARLÍNU

Margrét Einarsdóttir búningahönnuður hefur unnið við fjöldann allan af auglýsingum, leiksýningum, sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Hún sér meðal annars um búningana í áramótaskaupinu og væntanlegum sjónvarpsþáttum gamanhópsins Mið-Íslands.

Viðtal: Sara McMahon
Mynd: Valgarður Gíslason

Margrét viðurkennir að hún hafi lengi haft áhuga á hvers kyns hönnun, búningasögu og listum og að það hafi ætíð verið draumur hennar að leggja búningahönnun fyrir sig.

„Ég hef alltaf spáð og spekúlerað mikið í fatnaði, búningum og listum. Mamma og pabbi voru dugleg að fara með mig á alls kyns uppákomur, þá bæði kvikmynda- og leiksýningar, tónleika og listasöfn, þegar ég var barn og ætli það hafi ekki verið kveikjan að þessum áhuga mínum. Mamma er að auki menntuð í textíl, sem hafði sitt að segja.“

Í 9. bekk í grunnskóla sótti Margrét um að fara í starfskynningu til fatahönnuðar og Leikfélags Reykjavíkur til að kynnst starfinu betur. Að stúdentsprófi loknu skráði Margrét sig í bókmenntafræði við Háskóla Íslands en leiddist fljótlega út í starf stílista og endaði í verslunarrekstri með vinkonu sinni, Dýrleifu Yri Örlygsdóttur. „Ég fór í bókmenntafræðina því mér þótti hún góður grunnur í áframhaldandi nám í leikmynda- og búningahönnun en áður en ég vissi af var ég komin á fullt í að stíliseri. Ég hannaði líka mikið fyrir tískuverslunina Frikka og dýrið sem Dýrleif rak í samstarfi við Friðrik Weisschappel. Ég endaði á því að kaupa hlut Frikka í versluninni og rak búiðina með Dýrleifu í mörg ár.“

SJÓVEIK Í VINNUNNI

Margrét hefur starfað við ófáar kvikmyndir, leiksýningar, sjónvarpsþætti og auglýsingar og sá meðal annars um búningana í kvikmyndunum Brim, Á annan veg, Órói, Blóðbönd, Sumarlandið og nú síðast Svartur á leik. Hún segir mikinn mun á því að hanna búninga fyrir kvikmynd eða fyrir leikhús.

„Þetta er tvennt ólíkt. Í leikhúsinu hefur maður meiri tíma í undirbúning og til að prófa sig áfram. Maður skapar persónurnar í samstarfi við leikstjóra, leikmyndahönnuði og leikarana sjálfa. Það er meiri hraði í kvikmyndunum og maður hefur því skemmri tíma til að ákveða persónurnar með leikstjóranum og leikurunum. Minnstan tíma hefur maður við gerð auglýsinga og þar þarf jafnvel að klæða fólk sem maður hefur aldrei séð áður.“

Eitt af erfiðari verkefnum sem Margrét hefur tekið að sér var búningahönnun við kvikmyndina Brim, sem segir frá því er ung kona ræður sig á fiskveiðibát þar sem fyrir er samheld-



Áhugasöm um hönnun og list Margrét Einarsdóttir búningahönnuður hefur unnið við gerð margra vinsælla kvikmynda og sjónvarpsþátta. Hún rak lengi vel tískuverslunina Frikka og d

inn hópur karlmannna. Margrét segir þá tökdaga sem eytt var á sjó hafa verið mjög erfiða bæði líkamlega og andlega.

„Ég varð hræðilega sjóveik dagana sem við vorum á sjó og eins og fólk getur ímyndað sér var mjög erfið að fúnkera í því ástandi. Ég átti erfið með að fylgjast með á mónitornum og ætli ég hafi ekki líkst stúlkunni sem starir á hafið mestallan tímann.“

Starfið hefur þó að sama skapi marga kosti og nefnir Margrét í því samhengi þann samhug sem ríkir meðal vinnufélaganna.

„Maður fær að ferðast vítt og breitt um landið og kynnist mörgu skemmtilegu fólki. Ég finn oft fyrir söknuði þegar ég klára stór verkefni því samstarfsfélagarnir eru þá orðnir eins og fjölskylda manns.“

Á GÓÐA AÐ

Vinnudagar búningahönnuðar eru langir og strangir og kveðst Margrét oft vinna í allt að fjórtán klukkutíma á dag.

„Oftast eru þetta tólf tíma vaktir en ég mæti gjarnan svolítið fyrr til að undirbúa mig og er síðan lengur til að lagfæra hitt og þetta, þvo þvott og ganga frá. Þetta eru langir dagar og

Oftast eru þetta tólf tíma vaktir en ég mæti gjarnan svolítið fyrr til að undirbúa mig og er svo lengur til að lagfæra hitt og þetta, þvo þvott og ganga frá.

maður er í raun að vinna megnið af sólarhringnum. Stundum eru dagarnir styttri, við gerð Mið-Íslands unnum við aðeins í tíu tíma á dag og það var mikill munur, þá náði ég stundum heim í kvöldmat.“

Margrét er gift og á þrjú börn sem eru á aldrinum 11 til 15 ára. Hinir löngu vinnudagar geta ekki verið sérstaklega fjölskylduvænir og viðurkennir Margrét að svo sé ekki. „Nei, þetta er ekki fjölskylduvænsta starfið en sem betur fer á ég dásamlegan mann sem er þolinmóðari en góðu hófi gegnir og góða foreldra

og tengdaforeldra. Við fjölskyldan náðum þó góðu fríi saman í sumar en til þess að það gerist þarf maður helst að fara eitthvert burt eða slökkva á símanum. Þegar maður er í sjálf-

stæðum rekstri er erfitt að afþakka atvinnutilboð þegar maður hefur ekkert annað í hendi og þess vegna verða sum fríin ekki jafn löng og maður lagði upp með.“

GALLHARÐUR VALSARI

Innt eftir því hvort hún hafi tíma til að sinna áhugamálum samhliða vinnunni svarar Margrét játandi.

„Ég fæ yfirleitt góð frí á milli verkefna og á þá meiri tíma með fjölskyldunni og get sinnt áhugamálum mínum. Mér finnst til dæmis mjög gaman að þrjúna, svo er ég mikil

íþróttabulla og Valsari og hef starfað svolítið í félagsmálunum þar. Börn eru öll í Val og við hjónin höfum tekið að okkur ýmis störf innan félagsins í gegnum tíðina. Mér finnst ofsalega gaman að sækja leiki með krökkum og reyni að haga mér á hliðarlínunni svo ég verði þeim ekki skammar,“ segir hún glettnislega.

DREYMR STÓRT

Margrét rekur einnig búningaleigu fyrir fagfólk ásamt Dýrleifu Yri og þær dreymir um að stækka við sölu einhvern tímann í framtíðinni og koma á laggirnar fyrstu almennilegu búningaleigu landsins.

„Það er draumurinn að geta opnað vel skipulagða búningaleigu sem býður upp á gott safn fata frá ólíkum tímabilum. Við hlutum nývefna og styrk ásamt búningahönnuðinu Helgu Stefánsdóttur, settum í kjölfarið saman viðskipta- og fjárhagsáætlun og dreymir nú um að geta komið hugmyndinni í framkvæmd í nánustu framtíð. Svona búningaleiga mun

MYNIR NNI



ýrið ásamt vinkonu sinni.

að
in
tið
ns
ga
n-
r-
til

auðvelda mörgum búningahönnuð-
um og stílistum lífið því það getur oft
tekið marga daga og jafnvel vikur að
finna sumar flikurnar.“

Innt eftir því hvort hún eigi sér
eittvert draumaverkefni segist Mar-
grét hafa óbilandi áhuga á búninga-
sögu og myndi hafa gaman af því að
vinna við svonefnt „búningadrama“.

„Ég hef ofsalega gaman af því að
grúska og kynna mér ólík tímabil
í búningasögunni. Mér þætti þess
vegna mjög spennandi að fá að
hanna búninga fyrir „period-drama“
sem hefði almennilegt fjármagn til
að vinna úr. Þá gæti ég tekið tillit til
minnstu smáatriða í hönnuninni,“
segir hún.

Að áramótaskaupinu loknu hefst
Margrét handa við að búa sig undir
kvikmyndina Frost, í leikstjórn Reynis
Lyngdal, en tókur á henni hefst um
miðjan desember og fara að mestu
fram uppi á Langjökli. Myndin er sögð
vera fyrsti íslenski vísindaskáldsögu-
tryllirinn og er byggð á handriti Jóns
Atla Jónssonar.

Myndaalbúnið



Stilla úr kvikmyndinni Brim, þarna er verið er að hífa líkið í lestinni.



Þarna er ég ásamt leikgerðarhönnuði Brims, Ástu Hafþórsdóttur.



Stilla úr kvikmyndinni Á annan veg sem ég vann að síðasta sumar.



Mynd sem tekin var af mér og Brynhildi Guðjónsdóttur að undirbúa lokasenuna í kvikmyndinni Okkar eigin Osló.

HM Í HANDBOLTA

HEFST 2. DESEMBER Á STÖÐ 2 SPORT

ALLIR LEIKIR ÍSLANDS SÝNDIR!	
02. des.	Opnunarleikur mótsins
03. des.	Ísland – Svartfjallaland
04. des.	Ísland – Angóla
06. des.	Ísland – Noregur
07. des.	Ísland – Þýskaland (í opinni dagskrá)
09. des.	Ísland – Kína
11. des.	16. liða úrslit (1 leikur í opinni dagskrá)*
12. des.	Forsetabikar (1 leikur í opinni dagskrá)*
14. des.	8. liða úrslit
16. des.	Undanúrslit
18. des.	Úrslitaleikurinn (í opinni dagskrá)

*Ef Ísland er að spila

ÁFRAM ÍSLAND!

Fylgstu með í Brasilíu

Íslensku landsliði hefur enn á ný tekist það ótrúlega. Nú keppa Stelpurnar okkar í fyrsta skipti á HM og við fylgjumst með ævintýrinu beint frá Brasilíu. Sjáðu alla leiki íslenska liðsins í beinni á Stöð 2 Sport.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Endurfundur Loulou de la Falaise og Betty Catroux sjást hér saman á frumsýningu heimildarmyndarinnar L'Amour Fou í Torontó árið 2010. Myndin segir frá sambandi Laurents og sambýlismanns hans, Pierre Berge.

Loulou de la Falaise minnst:

Fyrirsæta af aðalsættum

Tískuíkonið Loulou de la Falaise lést í byrjun mánaðarins aðeins 63 ára að aldri. Falaise var músa, samstarfskona og ein besta vinkona hönnuðarins Yves Saint Laurent, sem hannaði Le Smoking-kvenjakkafötin fyrir áhrif frá henni.

Falaise var dóttir bresku fyrirsætunnar Maxime de la Falaise og fransks hefðarmanns og starfaði sjálf sem fyrirsæta um hríð og sat meðal annars fyrir í bandaríska Vogue. Hún hannaði lengi skartgripir fyrir tískuhúsið YSL en eftir að vinur hennar, Yves Saint Laurent, settist í helgan stein kom Falaise á laggirnar eigin fylgihlutalínu sem vakti mikla athygli meðal tískuunnenda.

Tímaritið Women's Wear Daily segir frá því að Falaise hafi greinst með krabbamein í júlí í fyrra en haldið fréttunum frá fjölmiðlum. Fréttir af andláti hennar komu því mörgum á óvart enda virtist Falaise hraust og heilbrigð. Falaise lætur eftir sig eina dóttur, Önnu.

Smekklegr Falaise gekk gjarnan í buxum og þótti ávallt smekklegr. Hér er hún á tískuvíkunni í París árið 2006.



Hin þrjú fræknu Yves Saint Laurent ásamt vinkonum sínum og músum, Falaise og Betty Catroux, fyrir framan fyrstu verslun sína í London. Þræykíð klæðist safari-fatnaði sem Laurent gerði vinsælan á sjöunda áratugnum.



Bestu vinir Falaise og fatahönnuðurinn Yves Saint Laurent voru vinir alla ævi. Hér sjást þau saman árið 1990.

NORDICPHOTOS/GETTY



HALTU HÁRINU GÓÐU

STUNDUM ER HÁRIÐ ÓSTÝRLÁTT OG ERFITT. ÁSTÆÐAN FYRIR ÞVÍ ER YFIRLEITT SÚ AÐ HÁRIÐ HEFUR SKADDAST Á EINHVERN HÁTT.

NÝTT DOVE INTENSE REPAIR SJAMPÓ OG HÁRNÆRING MED FIBER ACTIVE TECHNOLOGY SMÝGUR DJÚPT Í HÁRIN OG BYGGIR ÞAU UPP INNAN FRÁ ÞANNIG AÐ HÁRIÐ LIFNAR VIÐ AÐ NÝJU.



DOVE INTENSE REPAIR ER SÉRFRÆÐIMEDFERÐ FYRIR MEDHÖNDLAÐ HÁR.

Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

Fullnæging skapar nánd

Þér hafa tvö mál verið mikið í umræðunni, eitt sem fjallar um dýranið og annað um mann sem fangelsaður var fyrir ítrekuð brot gegn stjúp dóttur sinni. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvað það er sem fær fólk til að haga sér svona. Er þetta kynbrenslun í líkingu við það að vilja láta niðurlægja sig eða eitthvað allt annað? Hafa kynfræðingar eitthvað rannsakað hegðun sem þessa?

Svar: Hér er um að ræða tvö mjög ólík mál; dýranið og svo kynferðisbrot gegn barni. Það er því ekki hægt að tala um þetta sem einsleitan hóp af gerendum. Ég get ekki gert þessu ítarleg skil hér en kynfræðingar hafa einbeitt sér frekar að rannsóknum á seinna brotinu. Það má útskýra m.a. með því að réttindi dýra eru mismikil eftir löndum og því áherslan á rannsóknir á dýraniði því oft ekki talin þörf. Dýranið hefur þó ögn verið kannað og er hvatinn við dýranið annar en hjá barnaniðingum. Þá skiptast dýraniðingar í tvo hópa, þá sem segjast hneigjast til dýra og eiga í sambandi við þau, og þá sem telja sig einungis stunda kynlíf með dýrum. Að mér vitandi hafa fræðin ekki tengt þessi mál við niðurlægingu enda er það annar angi af kynlífi sem byggir ekki á lögbroti heldur samþykki þess sem „niðurlægir“ og þess sem er niðurlægður og er þetta ekki talin sem kynbrenslun. Þetta eru því töluvert flóknari mál en ég vona ég hafi svarað þér að einhverju leyti.

Ég var að horfa á Oprah Winfrey og þar voru hjón á barmi skilnaðar en ráðgjafi þáttarins fékk þau til að prófa að stunda kynlíf einu sinni á dag í heila viku og tala svo við sig aftur. Þau gerðu það og viti menn, þau hættu við að skilja og voru hamingjusamari en nokkru sinni fyrr. Því spyr ég, er til einhver mælikvarði fyrir það hversu oft þör/hjón eiga að sofa saman í viku, hvað sé ráðlegt eða telst „eðlilegt“?

Svar: Hin sígilda spurning um meðaltal. Það er ekki til nein ein tölfrata þar sem skilgreining á kynlífi er einstaklingsbundin og ekki bara bundin við samfarir. Svo er kynlöngun einstaklinga breytileg. Hvert og eitt þar verður því að finna sína tölu sem báðir eru sáttir við. Þetta er ekki bara spurning um að láta fólk stunda kynlíf daglega og að þar með leysist þeirra vandamál, frekar hvað gerist milli þess þegar það stundar kynlíf reglulega. Þetta er spurning um að fá oftari fullnægingu, saman og í sitthvoru lagi, og það skapar aukna nánd. Þegar báðir aðilar eru fullnægðir þá eru þeir hamingjusamari og sambandið gengur betur. Rífrildi verða færri og skilningur meiri. Þetta gæti verið ágætis æfing fyrir þör sem eru pirruð.

Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlíf@frettabladid.is

L'OCCITANE

EN PROVENCE

Ljúffengar gjafir fyrir jólahátíðina

VERBENA

Verð áður:
7.095 kr.

Gjafakassi

Jólatilboð:
5.990 kr.

Handkremss-
þrenna

Í skóinn

Jólatilboð:
2.950 kr.

Verð áður:
2.370 kr.

Gjafakassi

Jólatilboð:
2.250 kr.

ROSE

CHERRY BLOSSOM

Verð áður:
11.190 kr.

Gjafakassi

Jólatilboð:
9.300 kr.

VERBENA: Ilmpoki 35g - 960 kr. · Sturtusápa 250ml - 2.100 kr. · Baðsápa 100g - 595 kr. · Húðmjólk 250ml - 3.440 kr.

ROSE: Baðsápa 50g - 445 kr. · Handkrem 30ml - 1.050 kr. · Bað- og sturtusápa 75ml - 875 kr.

CHERRY BLOSSOM: Eau de Toilette 100ml - 6.320 kr. · Baðsápa 50g - 445 kr. · Húðmjólk 75ml - 1.275 kr. · Bað- og sturtusápa 250ml - 2.100 kr. · Handkrem 30ml - 1.050 kr.



BRIAN BOY: Brian Boy hefur haldið úti bloggi frá árinu 2004 og dag hvern heim-sækja um fjórar milljónir manna síðuna hans og er bloggið hans eina tekjulind. „Ég græði mest af auglýsingum en svo fæ ég einnig greitt fyrir að sækja ýmsa tiskuvið-burði og önnur tilfallandi verkefni eins og að stíliserast fyrir H&M.“



SUSIE BUBBLE: Susie Bubble er þekktasti bloggari Breta og starfaði áður sem ritstýra Dazed Digital sem er vefút-gáfa tímaritsins Dazed & Confused. Hennar tekjur koma frá auglýsingum og samstarfi við tiskumerki á borð við Gap, Selfridges, Topshop og Benetton.



GLAMOURAI: Kelly Framel heldur úti bloggsíðunni The Glamourai og segist vinna eftir ströngum síðareglum er hún hefur sjálf sett sér. Hún merki til að mynda vel allar keyptar umfjallanir. „Ég vil algjört ríttreli og hafnaði nýverið samningi þar sem fyrirtækið vildi ákveða orðaval og framsetningu vör-unnar á síðunni minni. Fyrirtækið hélt að það gæti átt í sömu samskiptum við mig og sölufólk þegar keypt er umfjöllun.“

BLOGGARAR GRÆÐA Á TÁ OG FINGRI:

STÓRGRÆÐA Á AUGLÝSINGUM

Vinsældir tiskublogga hafa vaxið síðustu ár og nú fylla bloggarar fremstu sætin á tisku-sýningum stóru tiskuhúsanna þar sem áður mátti sjá ritstjóra og leikara. Mörg fyrirtæki hafa greint gróðavon í þessum bloggsíðum og má nú velta fyrir sér hlutleysi þeirra er halda síðunum úti. Vefmiðlarnir WWD.com og Fashionista.com hafa fjallað um málið og komust að því að vinsælustu bloggararnir græða stórkostlega á keyptum umfjöllunum auk þess sem þeir hljóta ýmsar hönnunar-

vörur að gjöf gegn því skilyrði að fjallað sé um þær. Ónefndur bloggari sagði í viðtali við Fashionista.com að flest tiskuhúsin sendi bloggurunum vörur gegn um-fjöllun. „Þetta er endalaus hringekja af mútum,“ sagði bloggarrinn. Lesendur bloggsíðna treysta gjarnan á að verið sé að fjalla um tiltekna vöru á hlutlausan hátt en ekki gegn gjaldi og má því deila um hvort bloggarar hafi fallið í þá gryfju að selja ástríðu sína fyrir vörur eða peninga.

HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

Meira en 80% blaðalesenda á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

10 ÁRA

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Samkvæmt prentmiðlaskönnun Capacent Gallup júlí-sept. 2011



ELIN KLING: Elin hefur unnið náð með H&M og var að auki fyrsti bloggarrinn sem tiskumerkið fékk til að hanna línu fyrir sig. Elin rekur eigið veftimarit auk bloggsins og fjallar gjarnan um vörur sem hún hefur fengið að gjöf en tekur oftast fram að um gjafavöru sé að ræða.



HANNELI MUSTAPARTA: Hanneli er einn helsti tiskubloggari Noregs en þar gilda strangar reglur um óbeinar auglýsingar á bloggsíðum. Bloggurum hefur verið gert að merkja vel allar færslur sem teljast til óbeinna auglýsinga. Hanneli er þó búsett í Bandaríkjunum og óvíst hvort hún fari eftir norsku reglunum.

A smiling couple, a man with glasses and a woman with blonde hair, stand behind a table. On the table is a variety of fresh fruit including grapes, oranges, bananas, and a cucumber. In the bottom right corner, there is a box of Slendertone System+ product. The background is a plain, light color.

Sigríður Arnardóttir
fjölmíðlakona: „Sirrý á sunnudagsmorgnum“ á Rás 2
og fyrirlesari - www.sirrý.is

Heimir Karlsson
útværpsmaður á Bylgjunni

Áratuga reynsla og rannsóknir
sýna að Slendertone virkar



kr. 29.995,-

20 mínútur með Slendertone jafngildir 120 uppsetum



YFIRHEYRSLAN

Anna Sigríður Pálsdóttir, hárhönnuður og eigandi hárgreiðslustofunnar Gel.

Ertu A- eða B-manneskja? Hvorugt.

Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir? Everything You Always Wanted to Know About Your Body but so Far Nobody's Been Able to Tell You.



Ef ég byggi ekki í Reykjavík, byggi ég í: Í sveit, í einhverju landi nálægt miðbaug.

Hver eru nýjustu kaupin? Hvítur hlýrabolur keyptur á 150 krónur hjá vinkonu minni sem var að selja fót í Kola-portinu.



Hvað dremmir þig um að eignast? Bjarta og fallega framtíð.

Hvaða lag kemur þér í gott skap? Dj Assault kemur mér í frábært skap.

Einn hlutur sem þú vissir ekki um mig: Erfitt að svara þessari, en ætli það sé ekki það að ég var einu sinni í Djúpu lauginni.



Uppáhalds-drykkurinn: Vatn.

— ÓMÓTSTÆÐILEG —

JÓLADAGSKRÁ Á STÖÐ 2

Njóttu jólanna í faðmi fjölskyldunnar

Við viljum öll njóta þess besta saman um jólin, hvort sem það er heitt súkkulaði og smákökur eða stórkostleg jóladagskrá Stöðvar 2. Styttum biðina fyrir þau yngstu með vonduðu talsettu barnaefni, upplifum hátíðlega tónleika og hjúfrum okkur saman undir teppi og njótum þeirra fjölmörgu bímynda sem eru á dagskrá Stöðvar 2 og Stöðvar 2 Bíó um jólin.

Skoðaðu stod2.is og kynntu þér frábæru jóladagskrána okkar til hlítar!

JÓLAKORTIÐ Í ÁR

Gefðu áskriftarkort að Stöð 2 í jólagjöf. Það fæst hjá okkur í Skaftahlíðinni!

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR